Fornleifaúttekt vegna lagningu jarðstrengs í Hvammi við Hvammsvík í Kjósarhreppi

Gylfi Helgason

FS813-20391
Reykjavík
2020

Fornleifastofnun Íslands ses

Á forsíðu er litið yfir áveituskurð sem liggur milli Stekksmýrar og Snjóamýrar. Í fjarska sést í heimatún Hvamms. Horft er til austurs.

Myndina tók Gylfi Helgason.

© 2020
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: +354-5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
HEIMASÍÐA: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna lagningar jarðstrengs í Hvammi við Hvammsvík í Kjós. Skráningin var unnin fyrir RARIK á Vesturlandi. Jarðstrengurinn er um 2,7 km langur. Tekið var út 15 m breitt svæði frá miðlínu strengsins til beggja átta, samtals 30 m breitt belti. Strengurinn liggur allur í landi Hvamms og að hluta innan heimatúns jarðarinnar.

Vettvangsvinna fór fram í byrjun október 2020. Innan svæðis reyndust vera fjórar fornleifar. Þær eru allar innan heimatúns jarðarinnar nema ein. Engin ummerki um fornleifarnar sjást lengur á yfirborði. Reynslan úr fornleifaskráningu sýnir að minjadreifing sé hvað þéttust í og við heimatún. Ekki er því útilokað að óþekktar minjar komi í ljós innan heimatúnsins við framkvæmdir. Allar fornleifar voru skráðar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, fornleifafræði, deiliskráning, jarðstrengur, heimatún, RARIK, Kjós

Summary

This report provides the results of a detailed archaeological survey undertaken at a proposed assessment area at Hvammur in Kjós (W-Iceland) in advance of an underground high voltage cable construction. The area is c 2,7 km long. The work was carried out for RARIK ohf., Iceland State Electricity.

The fieldwork was undertaken in October 2020. Altogether, four archaeological sites were identified, which were all situated within the Hvammur's homefield, apart from one. No visible archaeological features were identified in the field but there is a strong possibility of unknow archaeological deposit below ground within the Hvammur's homefield. The archaeology surveyed was classified to be at a high risk from the proposed development.

Keywords:

Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, detailed survey, HV underground cable, RARIK, Kjós

.

Efnisyfirlit

1 Inngangur 7

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf 9

3 Aðferðir við fornleifaskráningu 11

4 Fornleifaskrá 13

5 Saga svæðis og landshættir 13

6 Fornleifar innan úttektarsvæðis 19

Heimildaskrá 23

Viðaukar

Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1 Inngangur

Á haustmánuðum 2020 fór RARIK á Vesturlandi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að skrá fornleifar vegna lagningu jarðstrengs á jörðinni Hvammi í Kjós. Strengurinn er um 2,7 km langur og tekið var út 15 m breitt svæði frá miðlínu strengsins til beggja átta, samtals 30 m breitt belti. Strengurinn liggur til vesturs frá núverandi heimreið jarðarinnar. Þaðan liggur hann samhliða áveituskurði, sem er mitt á milli Stekksmýrar og Snjóamýrar. Hann heldur þar áfram til vesturs, gegnum Háamýri og endar við orlofshúshverfi í Lágholtsmýri (mynd 1).



Mynd 1: Kort sem sýnir afmörkun úttektarsvæðis. ©Loftmyndir ehf.

Fornminjar á svæðinu hafa tvisvar áður verið skráðar. Fyrst árið 1998 þegar Hitaveita Reykjavíkur lét aðalskrá fornminjar í Hvammi og Hvammsvík.[1] Fornleifar á jörðinni voru síðan skráðar aftur þegar aðalskráning forminja var gerð í Kjósarhreppi árið 2008.[2] Vitað var um tvær minjar innan svæðis áður en vettvangsúttekt fór fram. Eftir vettvangsskráningu fundust síðan tvær aðrar fornleifar. Farið var á vettvang í byrjun október 2020 í stilltu haustveðri. Gengið var skipulega um svæðið og allir minjastaðir hnitsettir og sýnilegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki

[1] Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir 1998.
[2] Birna Lárusdóttir (ritstj.) 2008.

af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Um vettvangsvinnu, úrvinnslu, og skýrslugerð sá Gylfi Helgason. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í fimmta kaflanum er fjallað lauslega um sögu Hvamms og landshætti innan jarðarinnar. Í sjötta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru síðan viðaukar með hnitaskrá og minjakortum.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-353:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með



Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornminjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: GK-353:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast í hættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan deiliskipulagsreits metnir í stórhættu vegna framkvæmda vegna þeirrar uppbyggingar sem áætluð er á svæðinu. Í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4 Fornleifaskrá

GK-353 Hvammur

Sögulegar heimildir

1686: 46 hdr., 160ál, bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 134.

1695: 60, bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 134.

1712: 60 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

1847: 48 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 101. Í neðanmálsgrein segir: „A.M. einn nefnir Naglastaðir, sem hjáleigu. 1802 segir, að hér sé æðarvarp og selveiði, og eigi jörðin skóg í Skoradal í Borgarfirði. Sýslumaður telur jörðina aðeins 40 h."

Í Landnámu segir: „Hvamm-Þórir nam land á millum Laxár ok Forsár ok bjó í Hvammi. Hann deildi við Ref inn gamla um kú þá, er Brynja hét ok Brynjudalur er við kenndr; sú kvíga hafði horfit Þóri fyrir longu, en sú kvíga fannsk í Brynjudal, þar er Refr átti land, ok fjórir tigir nauta með henni, þeirra er oll voru frá henni komin ok höfðu gengit sjálfala úti; því kenndi hvor tveggja sér nautin. En Þórir fell fyrir Ref með átta manna, þá er þeir borðusk hjá hólnum þeim, er síðan eru kallaðir Þórishólar." ÍF I, 56–59.

Jarðarinnar er getið í Harðar sögu. ÍF XIII, 65, 86–70 og 79.

Í *Sturlungu* er getið Jörundar hins mikla úr Hvammi en hann var með Þorleifi í Görðum í Bæjarbardaga 1237 og má ráða af samhengi að hann hafi verið fyrirliði manna úr Kjós og Hvalfirði. Eftir bardagann var rænt í Saurbæ og Hvammi og bendir það til að búið í Hvammi hafi þá verið með hinum stærri í héraðinu. - Sturlunga saga I, 405 og 407.

1367: Elsta heimild um kirkju í Hvammi er í Hítardalsbók frá 1367 **DI** III, 218. **1397** átti kirkjan Hvammsey auk sex kúgilda - **DI** IV, 118 sbr. 1497 - **DI** VII, 375. Kirkjan var hins vegar vígð **1502** og er vígslumáldagi hennar frá því ári varðveittur. Þar kemur fram að kirkjan hefur eignast skógartungu í Skorradal. Í tilefni af vígslunni var leyfi gefið til að vígja saman hjón, skíra börn og leiða konur í kirkju eftir barnsburð. Þá vígði Stefán biskup sérstaklega líkneski Lúkasar guðspjallamanns og verndardýrlings kirkjunnar og gaf hverjum þeim 40 daga aflát sem bæri líkneskið í skrúðgöngum, sem voru hluti af helgihaldi í kaþólskum sið, eða gerði kirkjunni nokkuð gagn - **DI** VII, 609–610. Í máldaga frá **1570** er þess getið að jörðin var 60 hdr. að dýrleika - **DI** XV, 632.

Á seinni hluta 16. aldar bjó í Hvammi Hannes Ólafsson lögréttumaður (kemur við skjöl á árabilinu 1565–1590) og eftir hann sonur hans Jón, sem var líka lögréttumaður og hreppstjóri í Kjósarhreppi og stóð í margskyns málastappi á alþingi á árunum 1619–1662. Sonur Jóns hét Ólafur og mun hafa búið í Hvammi eftir föður sinn en um 1700 höfðu börn Ólafs erft hann og jörðina og voru þá 5 systkin eigendur að Hvammi, en Hvammsvík var orðin sérstök eign sem gengið hafði úr ættinni fyrir miðja öldina þegar Ólafur Hannesson, bróðir Jóns lögréttumanns, seldi 12 hundrað erfðahlut sinn Brynjólfi biskupi í Skálholti - **JÁM** III, 431, 433. **JÁM** XIII, 70–71, 74–76, 85. Eitt systkinanna, Eyjólfur Ólafsson, sem var húsmaður á Akranesi lýsti því með bréfi hinn 13. mars 1709 að hann ætti fimmtung í Hvammi sem væri alls 60 hundrað jörð. Eyjólfur segir að hann fái

nú jarðarhluta sinn varla byggðan [...] nema til hýsingar fátækra sveitarómaga og tíundargjalds þeim, sem búa á hinum hluta jarðarinnar. Eyjólfur getur um hálfkirkjuna og segir að Hvammsey, sem liggi undir kirkjuna, hafði áður verið slægjuland en að nú spretti lítið gras á henni „eða nær að segja ekkert." Hann getur þess einnig að skógarítakið, sem kirkjunni er eignað, sé í Skógartungu í Vatnshornskógi í Skorradal - **JÁM** XIII, 70–71.

Eyðibýli 1712: Naglastaðir, sem þá voru tóftir langt innan landamerkja, og tómthúsið Ásmundarstaðir, sem hafði verið í eyði í meira en tuttugu ár. Ekkert er vitað um byggð á Naglastöðum og eru tóftir þeirra ekki þekktar en Ásmundarstaðir hafa verið innantúns og mögulega orðið til um svipað leyti og Hvammsvík. **JÁM** III.

1847 bjuggu þrír leiguliðar í Hvammi auk eins í Hvammsvík. Eftir 1780 átti Páll Jónsson, hospitalshaldari í Gufunesi með meiru, meirihluta jarðarinnar að því er virðist um alllangt skeið en ekki er vitað til þess að hann hafi nokkurntíma búið þar - **Alþ. Í**. XVI, 397, 399–400, 524, 530; XVII, 140.

Kirkjan í Hvammi var tekin af með konungsbréfi 17. maí árið 1765 - Sveinn Nielsson: Prestatal og prófasta, 114. Skógurinn sem kirkjan átti í Skorradal mun þá hafa lagst undir jörðina en í jarðabók frá 1804 er getið um hann.

Landkostir

1917: Túnið telst 4,6 teigar og kálgarðar 1700 m^2, samkvæmt túnakorti frá 1917.

1712: „Torfrista og stúnga litt nýtandi. Móskurð til eldiviðar nægan. Selveiði fyrir heimalandi gagnvænleg. Rekavon nokkur. Sölvafjara er eydd af ísalögum. Skelfiskfjara næg. Þáng má vera til eldiviðar nægilegt. Heimræði er jafnan, þá fiskur er á Hvalfirði. Lendíng góð og skipsuppsátur. Hólmi liggur fyrir landi, sem kirkjunni er eignaður, kallaður Hvammsey. Þar hefur til forna verið eggvarp gott af æðarfugli og öndum, en er nú eyðilagt af lunda. Lundatekja má þar vera gagnleg, en brúkast ekki nema til beitu. Hjer hafa heimabændur slægjur, en hjáleigan ekkert af. Þar kunna að falla 6 hestar heys, en eru áður taldir saman við heyskap jarðarinnar. Skógarítak eigna menn hálfkirkjunni í Skoradal i Vatnshornslandi millum Reynivallaskógs og Háafellsskógs, en þetta ítak er ekki mótmælisslaust af Oddi Eiríkssyni að Fitjum í Skoradal og hefur lengi ekki brúkast. Túnið alt er meinþýft til skaða, en útigángur er besti kostur jarðarinnar. Yfir tún hjáleigunnar fýkur skel og sjáfarsandur, en á heimatúnið nokkru minna af melhólum, sem þar liggja allnærri. Engjum heimajarðarinnar spilla leirskriður úr fjalli og lækir, er þaðan falla. En engi hjáleigunnar er nær eyðilagt af skriðum. Stórviðrasamt er mjög, so að hætt er húsum og heyjum og skipum, og verður oftast árlega hjer af nokkur skaði. Hætt er sauðfje fyrir sjáfarflæði, og líka brýtur sjór nokkuð af engjum. Uthögunum spilla skriður árlega. Kirkjuvegur örðugur og lángur. Hreppamannaflutníngur erfiður og hættur yfir torfæruskriður i brattlendi, þar sem sjór er fyrir neðan." **JÁM** III.

1840: „[...] þar er þýft og tyrjótt tún, arðlítið , mýrarengi víðslægt og landrými allgott og vetrarhagabeit." **SSGK**, 255.

GK-353:004 heimild um útihús A 375625 N 432392
Á túnakorti frá 1917 er útihús merkt um 130 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 60 m vestan við útihús 005. Engin ummerki sjást lengur um húsið. Á þessum slóðum er gamalt ræktað tún. Til vesturs og suðurs eru áveituskurðir.

Engin merki um útihúsið sjást lengur á yfirborði vegna sléttunar. Hvorki á vettvang né á loftmynd sem tekin var yfir svæðið árið 1946.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1917; loftljósmynd AM 10001/I-I/012.

GK-353:005 heimild um útihús A 375693 N 432388
Á túnakorti frá 1917 er útihús merkt um 120 m SSA við bæ 001 og tæpum 60 m austan við útihús 004. Engin merki um húsið sjást lengur á yfirborði. Húsið var í gróinni brekkurót, rétt sunnan við malarveg.

Engin merki um útihúsið sjást lengur á yfirborði vegna sléttunar. Hvorki á vettvang né á loftmynd sem tekin var yfir svæðið árið 1946.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1917; loftljósmynd AM 10001/I-I/012.

Svæðið þar sem útihús 005 var.

GK-353:060 heimild um leið A 374467 N 432050

Á herforingjaráðskorti frá 1910 er leið merkt sem liggur frá leið 012, til norðvesturs, þvert í gegnum Langholt. Leiðin sveigir síðan til austurs rétt sunnan við Þórishóla og endar rétt suðaustan við útihús 011. Samkvæmt kortinu var leiðin um 1,5 km á lengd. Hluti leiðarinnar var skráður í tengslum við jarðstrengsframkvæmdir í Hvammslandi árið 2020. Svæðið er forblautt og votlendisgróður þar ríkjandi. Engin merki leiðarinnar fundust á vettvangi eða við yfirferð loftmynda. Líklega hafa ummerki um hana sokkið með tíð og tíma í mýrina eftir að hætt var að fara leiðina. Leiðin hefur þrætt gegnum votlendi og gróna melhóla.

Engin ummerki um leiðina fundust innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra jarðstrengsframkvæmda 2020.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Hkort 37 SV Kjós-Botnsheiði



Yfirlitskort af leið 060. Herforingjaráðskortið frá 1910 er hér lagt yfir loftmynd af svæðinu. ©Loftmyndir ehf.

GK-353:061 heimild um A 375656 N 432385

Á túnakorti frá 1917 er garðlag merkt sem lág frá kálgarði (skráður undir 001) og til suðurs og endar við útihús 004. Engin merki garðlagsins sjást lengur á yfirborði. Þar sem norðurhluti garðsins lág er búið að byggja 20. aldar útihús og leggja malarvag. Óræktað tún er þar sem suðurhluti garðsins lág. Til suðurs og vesturs eru áveituskurðir. Engin ummerki um garðlag sjást lengur á yfirborði enda búið að umturna svæðinu með byggingu útihúsa og lagningu malarvegar.

Heimildir: Túnakort 1917
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

5 Saga svæðis og landshættir

Svæðið sem tekið var út í tengslum við lagningu jarðstrengsins er allt innan marka jarðarinnar Hvamms. Strengurinn liggur að hluta innan heimatúns jarðarinnar. Hér neðar verður stiklað á stóru í sögu jarðarinnar út frá fyrirliggjandi heimildum.

Jörðin á sér langa sögu og er hennar getið í Landnámu. Þar segir að landnámsmaðurinn Þórir hafi numið land milli Laxár og Fossár og hafi búið í Hvammi. Hann er sagður heygður á Þórishólum.[3] Jörðin kemur einnig fyrir í *Sturlungu* en spilar þó ekki stórt hlutverk þar. Þar kemur fram að Jörundar hinn mikli hafi búið á jörðinni. Hann tók m.a. þátt í Bæjarbardaga 1237. Af sögunni má ráða að Jörundur hafi verið fyrirliði manna úr Kjós og Hvalfirði. Eftir bardagann var farið í ránsför að bæjunum í Saurbæ í Hvalfirði og Hvammi.[4] Sú saga gefur til kynna að jörðin hafi þá verið með hinum stærri í héraðinu.

Margar af eldri heimildum hverfast um kirkjuna á Hvammi. Hennar er fyrst getið 1367 og er hún ágætlega gripum búin miðað við útkirkjur þeirra tíma.[5] Kirkjan var hálfkirkja (ekki messað hvern sunnudag; prestur frá Reynivöllum sá um guðsþjónustu). Í máldaga kirkjunnar frá 1502 þegar kirkjan var vígð segir að hún átti ítök í skóg í Skorradal.[6] Kirkjan var síðan lögð niður 1756,[7] en á þessum tíma voru flestar eftirstandandi útkirkjur teknar af.

Jarðnæði Hvamms var talið gott fyrr á öldum og var jörðin hátt metin í jarðamati, eða 60 hdr. í máldaga kirkjunnar frá 1575,[8] og sama mat er að finna í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712. Það telst vera ríkuleg jörð en meðalgóð jörð var metin á 20. hdr.[9] Hvammur var á þessum tíma ein best metna jörðin í Kjósarhreppi. Í Jarðabókinni frá 1712 er að finna ítarlegar upplýsingar um landkosti jarðarinnar. Þar segir að torfrista og stunga sé „lítt nýtandi“ en móskurður til eldiviðar þó talinn nægur. Greinilegt er af lestri Jarðabókarinnar að kostir jarðarinnar tengdust sérílagi ýmiss konar sjávarnytjum. Á jörðinni var heimræði enda „jafnan“ þegar fiskur var í Hvalfirði. Sömuleiðis var lending og skipauppsátur sögð „góð.“ Selveiði var „gagnvænleg“ og rekavon „nokkur.“ Sölvafjara var aftur á móti „eydd af ísalögum.“ Samkvæmt Jarðabókinni átti

[3] ÍF I, bls. 56–59.
[4] *Sturlunga saga* I, bls. 405 og 407.
[5] **DI** III, bls. 219.
[6] **DI** VII, bls. 610; Sambærilegt ítak er getið um í Jarðabókinni 1712, sjá neðar,
[7] **PP**, bls. 114.
[8] **DI** XV, bls 632
[9] Um meðaltal dýrleika jarða sjá: Björn Lárusson 1982.

Hvammskirkja einn hólma sem kallaður var Hvammsey. Þar var til forna „gott“ eggvarp en lundi hafði eyðilagt fuglavarpið. Lundatekja mátti „vera gagnleg“ en var þó ekki nýtt nema til beitu. Á Hvammsey hafa heimabændur haft slægjur. Kirkjan á Hvammi var eignuð skógarítak í Skorradal, milli Reynivallaskógs og Háafellsskógs, en það var ekki nýtt á ritunartíma Jarðabókarinnar. Tún jarðarinnar var talið „meinþýft til skaða“ en útigangur sé þó „besti kostur jarðarinnar.“ Leirskriður úr fjalli voru sagðar spilla engjum og skriður skemmdu úthaga. Sömuleiðis var stórviðrasamt „mjög“ svo að hætta sé fyrir hús, skip, og skepnur. Kirkjuvegur var „örðugur og lángur“ og var hreppamannaflutníngur sagður „erfiður.“[10]

Ein hjáleiga, Hvammsvík, var á jörðinni 1712. Í Jarðabókinni eru einnig nefnd tvö eyðibýli, Naglastaðir og tómthúsið Ásmundarstaðir. Ekki er mikið vitað um þessa staði, annað en Naglastaðir voru nýttir í tvö ár hið minnsta sem sel frá Hvammi og var staðsett langt frá heimatúni jarðarinnar. Minna er vitað um Ásmundarstaði en þeir voru einhver staðar innan heimatúns jarðarinnar og höfðu ekki verið í byggð í 20 ár þegar Jarðabókin var tekin saman.[11] Í Jarðatali Johnsen frá 1847 er Hvammur síðan metin á 48 hdr. Skýra má lækkun jarðamatsins með því að Hvammsvík var þá orðin sjálfstætt jörð,[12] og dýrleiki hennar því ekki lengur talinn með Hvammi.

Í seinni heimstyrjöldinni reistu breskir, og síðar bandarískir, hermenn bækistöðvar í Hvalfirði. Friðþór Eydal fjallar um umsvif hersins í Hvammsvík í bókinni *Vígdrekar og vopnagnýr*. Friðþór nefnir að breski flotinn hafi komið og reist búðir árið 1940, m.a. í Hvammsey. Ári síðar byggði flotinn stjórnstöð á Hvammshólum. Bandaríski herinn kom síðan 1942. Hann reisti m.a. bátaskýli, bryggjur, skotfærageymslur og fleira. Rétt eins og á Hvítanesi þá fóru hernaðaryfirvöld fram á að ábúendur flyttu úr Hvammi meðal herinn væri þar með starfsemi.[13] Eftir að heimsstyrjöldinni lauk var braggahverfi og önnur ummerki hersins rifin. Talsverðar leifar þeirra sjást enn á jörðinni en þau ummerki eru öll utan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda. Jörðin fór síðan í eyði skömmu eftir seinni heimsstyrjöldina.

Hitaveita Reykjarvíkur keypti Hvamm og gömlu hjáleigu hennar, Hvammsvík, árið 1996. Nokkur jarðhiti er á jörðunum og var það tilefni kaupanna. Jarðirnar hafa verið nýttar til útivistar

[10] **JÁM** III, bls. 433–435.
[11] **JÁM** III, bls. 434–435.
[12] **JJ**, bls. 101.
[13] Friðþór Eydal 1998, bls. 119–120.

og er m.a. níu holu gólfvöllur í Hvammsvík. Jörðin var seld árið 2011 og var hún þá komin í einkaeigu. Engin búskapur er lengur á jörðinni.

Landshættir

Úttektarsvæðið einkennist af smáþýfðu votlendi sem er vaxið mýrarstör. Austurhluti þess er innan gamla heimatúns Hvamms. Búið er að slétta það svæði allt, reisa sumarhús innan heimatúnsins og leggja nýja heimreið. Svæðið rétt vestan við túnið er þýft og framræst votlendi. Áveituskurðir liggja þar til austurs og suðurs. Miðhluti svæðisins er fremur hallalítið og votlendisgróður er ríkjandi. Víða rísa þó mosagróin holt og melhólar upp úr votlendinu. Mosi er nokkur í sverði. Vesturhluti úttektarsvæðis er mikið raskaður vegna byggingu orlofshverfis og búið að ræsa landið þar fram.

Mynd 2: Litið yfir orlofshúshverfið, sem staðsett er vestarlega innan úttektarsvæðis. Horft er til austurs.

Mynd 3 og 4: Á efri myndinni er litið yfir vesturhluta heimatúns Hvamms (horft til vesturs). Á þeirri neðri sést land á miðhluta svæðisins (horft til austurs).

6 Fornleifar innan úttektarsvæðis

Innan úttektarsvæðis fundust fjórar fornleifar. Þær eru allar metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda (tafla 1). Þegar hættumat er gert fyrir minjastað er metið hvort einhver hætta gæti mögulega steðjað að fornleifum. Yfirleitt er þó ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski, enda tilgangur hættumatsins m.a. sá að benda á að umræddur minjastaður gæti lent í hættu vegna framkvæmda.

Tafla 1. Minjar innan úttektarsvæðis

Samtala	Tegund	Hlutvek	Fjarlægð frá miðlínu (m)
GK-353:004	Heimild	Útihús	8,5
GK-353:005	Heimild	Útihús	5,5
GK-353:060	Heimild	Leið	3
GK-353:061	Heimild		2,5

Flestar fornleifar voru skráðar innan heimatúns Hvamms, eða þrjár. Þetta eru útihús (GK-353:004, 005) og garðlag (GK-353:061). Þær eru allar merktar inn á túnakort frá 1917. Engin ummerki um fornleifarnar sáust á vettvangi vegna túnasléttunar. Reynslan úr fornleifaskráningu sýnir að í og við heimatún sé minjadreifing hvað þéttust. Af þeim sökum er ekki loku fyrir það skotið að áður óþekktar minjar komi í ljós innan heimatúnsins. Í slíkum tilvikum skal samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 stöðva framkvæmdir og tilkynna um fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Ein leið var skráð innan svæðis. Hún er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910. Samkvæmt kortinu var leiðin um 1,5 km löng og lá frá gömlu þjóðleiðinni inn Hvalfjörð, til norðvesturs um mitt Langholt. Þaðan sveigir leiðin til austurs við Þórishóla og endar í norðvesturhorni heimatúns Hvamms. Á þeim stað þar sem leiðin lá innan svæðis var mýrlent. Engin merki um leiðina sáust á vettvangi. Líkast til hafa ummerki hennar sigið í mýrina með tímanum eftir að hún féll úr notkun.

Minjastofnun Íslands mun taka endanlega afstöðu til þeirra minjastaða sem teljast innan áhrifasvæðis, hvort einhverra mótvægisaðgerða sé þörf og ef svo er, þá hverra. Að lokum má minna á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja,

laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þar segir enn fremur: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

Heimildaskrá

Alþ.Í: *Alþingisbækur Íslands*. 1912–1990. I–XVII. bindi. Reykjavík, Sögufélag.

Birna Lárusdóttir (ritstj.). 2008. *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I: Þorláksstaðir, Blönduholt, Þúfa, Þúfukot, Eyri, Eyrar-Uppkot, Eyrar, Útkot, Útskálahamar, Kiðafell, Möðruvellir, Írafell, Bær, Meðalfell, Meðalfellskot, Eyjar, Eyjahóll, Flekkudalur neðri, Sandur, Neðri-Háls, Hvammur og Hvammsvík.* FS394-07121. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Björn Lárusson. 1967. The Old Icelandic Land Registers. W.F. Salisbury þýddi. Lund, Lund University.

Björn Lárusson. 1982. *Islands jordebok under förindustriell tid. Lund*. Ekonomisk-historiska föreningen.

DI: Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn. 1857–1972. I–XV. bindi. Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir. 1998. *Fornleifar í Hvammi og Hvammsvík*. FS045-97061. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Friðþór Eydal. 1998. *Vígdrekar og vopnagnýr: Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshafið*. Kópavogur, Bláskeggur.

Hkort 36: Herforingjaráðskort 36 SV: Kjós – Botnsheiði. 1:50 000. Útgáfuár 1910.

ÍF: *Íslensk fornrit*. 1935–2002. I–XVII. bindi. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.

JÁM III: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III: Gullbringu- og Kjósarsýsla*. 1923–1924. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

Loftljósmynd AM 10001/I-I/012. Landmælingar Íslands.

SSGK: „Sýslulýsingar og sóknarlýsingar.“ 1937–1939. Í *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess* III. bindi. Reykjavík, Félagið Ingólfur.

Sturl: *Sturlunga saga*. 1946. I.–II. bindi. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík, Sturlungaútgáfan.

Sveinn Níelsson. 1950. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. II. útg. Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag.

Túnakort 1917: Túnakort Kjósarhrepps 1917. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

Viðauki: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
GK-353:004	375625	432392
GK-353:005	375693	432388
GK-353:060	374467	432050
GK-353:061	375656	432385

Viðauki: Minjakort

Kort 1
353060
© Loftmyndir ehf
0 25 50 75 100 m
Skýring
Skráðar fornleifar
Afmörkun skipulagssvæðis

Kort 2
353004
353061
353005
© Loftmyndir ehf
0 25 50 75 100 m
Skýring
Skráðar fornleifar
Afmörkun skipulagssvæðis